

Ársskýrsla 2022



GRÆNNI
BYGGÐ

GREEN BUILDING
COUNCIL ICELAND

A thin green line that starts from the bottom left, goes up to the right to form a peak, then goes down to the right, and finally goes down to the left to meet the bottom left, forming a large house shape that frames the lower part of the image.

GRÆNA
SKÓFLAN
2022



Ávarp stjórnarformanns



Ragnar Ómarsson,
stjórnarformaður

Á árinu 2022 var gefinn út vegvísir að vistvænni mannvirkjagerð og markar útgáfan tímamót í sjálfbærniþróun mannvirkja. Í fyrsta sinn hafa stjórnvöld og aðilar mannvirkjageirans fengið í hendurnar yfirlit yfir umhverfisáhrif mannvirkja á Íslandi sem gerir kleift að setja viðmið og markmið í átt að aukinni sjálfbærni. Í vegvísinum er einnig að finna 74 aðgerðir sem eiga að draga úr loftslagsáhrifum mannvirkja. Á síðustu tveimur árum hefur Grænni byggð lagt sig fram til hins ýtrasta um að gera vegvísinn að veruleika. Með samstilltu átaki og forystu aðildarfélaga og í góðri samvinnu við opinbera aðila og önnur samtök hefur tekist að lyfta þessu grettistaki. Framundan er að fylgja gerð vegvísins eftir og tryggja framgang aðgerðanna á komandi árum. Til lengri tíma má gera ráð fyrir að þetta samstarf komi til með að nýtast mannvirkjageiranum við skipulagningu aðgerða í átt að aukinni sjálfbærni, jafnt á efnahags- og samfélagssviði sem á umhverfissviði. Fyrir hönd stjórnar Grænni byggðar vill undirritaður þakka öllum aðildarfélögum og samstarfsaðilum kærlega fyrir veittan stuðning við úrvinnslu þessa verkefnis. Jafnframt því að þessum áfanga var náð, var starfsemi félagsins á síðasta ári með miklum blóma. Fjölmargir viðburðir voru skipulagðir og stendur Dagur Grænni byggðar upp úr sem vel skipulagður og fjölsóttur viðburður með mörgum áhugaverðum erindum sem flutt voru af fulltrúum aðildarfélaga. Af þeim erindum má ráða að mikil gróska og aukinn þungi er í sjálfbærniáherslum í mannvirkjageiranum. Auk skipulagningar viðburðanna unnu framkvæmdastjóri og starfsfólk Grænni byggðar að fjöldamörgum rannsóknarverkefnum á árinu og eiga þau eftir að veita Grænni byggð mikið af upplýsingum sem spennandi verður að miðla til aðildarfélaga og almennings. Vill undirritaður fyrir hönd stjórnar þakka framkvæmdastjóra og starfsfólki fyrir öll þeirra störf.

Í dag er mannvirkjagerð ábyrg fyrir 37% af allri losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum og 50% af allri hráefnanotkun. Mannvirkjagerð er langtímaaðgerð og áhrifa hennar á umhverfið gætir áratugum og öldum saman. Aðgerðir til að sporna við neikvæðum umhverfisáhrifum mannvirkjageirans þurfa að taka mið af þessu. Um leið og nauðsynlegt er að byggja ný mannvirki úr endurnýtanlegum hráefnum sem hafa lágmarksáhrif á umhverfið, þarf að hlúa vel að þeim mannvirkjum sem nú þegar hafa verið reist til þess að koma í veg fyrir hráefnasóun og til þess að draga úr orkunotkun.

Hráefnavinnsla úr náttúruauðlindum (kol, olía, málmvinnsla ofl.) á sér endanleg takmörk. Ágangur í þessar auðlindir ógnar nú lífi og heilsu mannkynsins og skammt er þess að bíða að vinnsla og verslun með kolefnislosandi orkugjafa verði talinn heilsuógn líkt og framleiðsla á spilli- og eiturefnum og meðferð þeirra verði takmörkum sett líkt og gert er með heilsuspillandi neysluvörur eins og tóbak og eiturlyf.



Þegar til kastanna kemur er líf, heilsa og vellíðan fólks mikilvægara en efnahagur þjóða. Þetta hefur mannkynið staðfest í viðbrögðum sínum við heimsfaraldrinum sem enn geisar í flestum löndum heims. Stjórnvöld þjóðríkja gripu inn í daglegt líf almennings og settu hegðun þeirra ákveðnar skorður til þess að lágmarka skaðann sem faraldrinum fylgir, á meðan að vísindamenn reyndu að finna varanlegri lausn í formi bóluefnis. Þegar faraldurinn stóð sem hæst, varð merkjanlegur samdráttur í hráefnavinnslu, framleiðslu og viðskiptum sem leiddi til þess að mengun og útblástur gróðurhúsalofttegunda stóð í stað, en mengun og útblástur gróðurhúsalofttegunda er mesti ógnvaldur við líf, heilsu og vellíðan mannkynsins í nánustu framtíð. Fyrir þjóðir heims er lífsnauðsynlegt að ná tökum á þessum vanda því ef ekki verður spornað við þróuninni, mun hún bitna á lífi og heilsu milljóna manna og hafa varanleg áhrif á vellíðan alls mannkyns. Von okkar allra er sú að mannkyninu beri sú gæfa að grípa til þeirra aðgerða sem komið geta í veg fyrir loftslagsvandann, jafnvel þótt slíkar aðgerðir hefðu í för með sér samdrátt í efnahag og líf skjörum núverandi kynslóða, ef slíkt yrði til þess að vernda möguleika komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum og stuðla að því að þjóðin búi við heilbrigð og góð lífsskilyrði.

Stjórn

Í stjórn Grænni byggðar sitja 7 stjórnarmenn – fimm aðalmenn og tveir til vara. Í stjórn starfsárið 2022-2023 voru þau:



Ragnar Ómarsson
Formaður stjórnar Gb
Byggingafræðingur
hjá Verkís



Íris Þórarinsdóttir
Gjaldkeri Gb
Umhverfisstjóri
hjá Reitum Fasteignafélagi



Alexandra Kjeld
Ritari/Varaformaður Gb
Umhverfisverkfræðingur
hjá Eflu



Anna Sigríður
Jóhannsdóttir
Arkitekt
hjá VA arkitektum



Sigríður Ó.
Bjarnadóttir
Verkfræðingur
hjá Hornsteini



Olga Árnadóttir
Sérfræðingur
hjá Húsnæðis- og
Mannvirkjastofnun



Sunna Hrönn
Sigmarsdóttir
Framkvæmdastjóri
hjá Reginn

Starfsemi stjórnar

Á árinu voru haldnir reglubundnir stjórnarfundir einu sinni í mánuði að undanskildum júlímánuði. Starf stjórnar á milli funda fer mikið fram á skjáfundum þar sem fram fer ýmskonar skipulagsvinna sem síðan er skjalfest í fundargerð þessara reglubundnu stjórnarfunda. Þar að auki vinna stjórnarmenn í smærri hópum að ýmsum verkefnum sem snúa að starfsemi félagsins. Reynt er að haga vinnu stjórnar á þann veg að allir stjórnarmenn geti tekið afstöðu til allra málefna sem fyrir stjórnina eru lögð og henni er falið að taka ákvarðanir um.

Á Degi Grænni byggðar síðasta haust var Græna skóflan, samfélagsverðlaun fyrir vistvæna mannvirkjagerð, veitt í fyrsta sinn en veiting slíkra verðlauna er liður í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum mannvirkja. Aðgerðaráætlunin raungerðist á árinu 2022 með útgáfu vegvísis að vistvænni mannvirkjagerð sem unnin var í verkefninu Byggjum grænni framtíð. Auk þess sem að framkvæmdastjóri Grænni byggðar situr sem fulltrúi í verkefnastjórn Byggjum grænni framtíðar, hefur stjórnarformaður Grænni byggðar einnig setið í þeirri stjórn og mun stjórn Grænni byggðar áfram skipa fulltrúa í verkefninu í eftirfylgni og endurskoðun þess á komandi árum.

Eitt af því sem stjórn félagsins vann að á síðasta ári var að bregðast við þeim áskorunum sem fylgdu því að fjölga starfsfólki félagsins. Á síðasta ári bættust við tveir starfsmenn sem sinna úrvinnslu rannsóknarverkefna á vegum félagsins og eru starfsmenn því nú orðnir fjórir, auk sumarstarfsmanna. Í tengslum við þetta hefur stjórnin skoðað núverandi lög félagsins og breytingar á þeim með það fyrir augum að gera á þeim umbætur sem falla betur að núverandi rekstri félagsins. Þá heyrðust raddir á síðasta aðalfundi sem hnigu í þá átt að réttast væri að endurskoða félagslögin til þess að aðlaga þau að aukinni og breyttri starfsemi. Eru tillögur að lagabreytingum á aðalfundi 2023 afrakstur af greiningarvinnu stjórnarinnar árið 2022.

Fyrirætlanir stjórnar um að Grænni byggð tæki að sér umboðshlutverk BREEAM á Íslandi hafa verið lagðar til hliðar að svo komnu. Í ljós kom að framlag Grænni byggðar í slíku samstarfi við BRE Global Ltd. myndi krefjast sérhæfðs starfsfólks sem sinnti þeirri þjónustu eingöngu. Stjórninni þótti því ekki fýsilegt að hefja þá vegferð að svo komnu, sérstaklega þar sem veruleg aukning varð í starfsemi félagsins í rannsóknarverkefnum og óvissa ríkir um hvort slík BREEAM umboðsþjónusta myndi treysta fjárhagslegar stoðir félagsins.

Á árinu 2022 hefur Grænni byggð átt gott samstarf við norræn systursamtök og tengingar hafa myndast í Evrópu í gegnum aðild okkar að WGBC. Markmið Grænni byggðar með þessum samskiptum er að þau verði til þess að Grænni byggð geti betur sinnt þeirri skildu sinni að vera leiðandi aðili í sjálfbærri þróun mannvirkjagerðar og skipulags hér á landi með því að tengja saman alþjóðlega þekkingu við okkar íslensku aðstæður.

Aðilar 2022

Á árinu 2022 bættust eftirfarandi aðilar í hópinn:

Reginn Fasteignafélag fór úr 3. flokki í 1. flokk

Isavia Ohf. í bættist við í 2 . flokk

Og Synir ehf. bættist við í 3. Flokk

Grænni byggð þakkar aðilum sínum kærlega fyrir samstarfið og stuðninginn á árinu 2022. Í lok árs 2022 voru 55 aðildarfélög að Grænni byggð.

Aðilar í fyrsta flokki:

Verkís verkfræðistofa, Reginn fasteignafélag, Reitir fasteignafélag, Húsnæðis og mannvirkjastofnun, Framkvæmdasýslan Ríkiseignir og Hornsteinn.



HÚSNÆÐIS



Aðilar í öðrum flokki:

Landsvirkjun, Búseti, Reykjavíkurborg, Isavia Ohf., Íslandsbanki, EFLA verkfræðistofa, Hafnafjarðarbær og Vistbyggð.



Aðilar í þriðja flokki:

Alta ráðgjöf, Alverk, Arkís ehf, ASK arkitektar, Basalt Arkitektar, Byko, Eignaumsjón, HJARK, Hornsteinar, Húsasmiðjan, Iðan fræðslusetur, Íslenskir aðalverktakar, Jáverk, Landslag ehf., Langeldur, LímtréVírnet, Lota ehf, Maison, Mannvit verkfræðistofa, Og Synir ehf., Pago, Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur, Skipulagsstofnun, Steinull hf., Steypustöðin, Teiknistofan Tark ehf., Teiknistofan Tröð ehf., THG arkitektar, Umhverfisstofnun, Urriðaholt ehf., VA Arkitektar, Vegagerðin, Vista verkfræðistofa, VSÓ verkfræðistofa, VSB verkfræðistofa og Ölfusborg ehf.

HJARK
Hulda Jóns arkitektúr ehf.

basalt
arkitektar

ATA



IAV

THG



ARKITEKTAR

VSÓ RÁÐGJÖF



STEYPUSTÖÐIN

STERKARI LAUSNIR

LANGELDUR

PAGO

OR Orkuveita
Reykjavíkur



ASK
ARKITEKTAR




ALVERK
FRAMKVEMDIR OG RÁÐGJÖF

Skipulagsstofnun

BYKO

Teiknistofan TRÖÐ



Aðrir aðilar í fjórða flokki (einstaklingsfyrirtæki):

Magnús Jensen, arkitekt og formaður Miðgarðs byggingarfélags,
<https://midgardur.betrailand.is/>

Arnhildur Pálmadóttir arkitekt hjá Studio Arnhildur Pálmadóttir,
<https://studioarnhildurpalmadottir.is/>

Hildur Ýr Ottósdóttir arkitekt hjá Ydda arkitektar, <https://www.ydda.is/>

Finnur Sveinsson, umhverfisfræðingur hjá Visthús, <http://visthus.is/>

Sigríður Maack, arkitekt hjá Arktika ehf., <https://arktika.is>

Rekstur

Starfsfólk



Aðalsteinn Ólafsson verkefnastjóri, Áróra Árnadóttir framkvæmdastjóri, Ástrós Steingrimsdóttir verkefnastjóri, Katarzyna Jagodzińska verkefnastjóri

Árið 2022 voru fjórir sem störfuðu hjá félaginu í föstu starfi og misstöru starfshlutfalli. Katarzyna hóf störf í apríl, Aðalsteinn í júní og Ástrós í júlí 2022.

Aðsetur

Aðsetur Grænni byggðar hefur verður í eigin leiguhúsnæði að Laugavegi 176 allt starfstímabilið. Þar hefur félagið starfsaðstöðu fyrir 2 starfsmenn, en auk þess bauð Húsnæðis- og mannvirkjastofnun félaginu 3 starfsstöðvar í Borgartúni 21 um sumarið 2022.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Grænni byggð er með yfir 2200 fylgjendur á Facebook og leitast við að vera virkt í að dreifa faglegu efni og viðburðum bæði frá aðildarfélögum Grænni byggðar og okkar eigin efni á miðlinum. Á heimasíðu Grænni byggðar er mikið af útgefnu fræðsluefni undir Útgefið efni og Fræðsla og miðlun. Þar má finna ýmislegt fræðsluefni t.d. um vottunarkerfi og hringrásarhagkerfið.

Á heimasíðu félagsins má finna allt um almennan rekstur félagsins, svo sem ársreikninga, ársskýrslur og fundargerðir stjórnar.

Tekjur og styrkt verkefni

Sjá nánar um fjármál félagsins árið 2022 í ársreikningi félagsins.

Aðildagjöldin námu tæplega 12 milljónum á árinu og greiddust um 20 milljónir fyrir rannsóknarverkefni.

Grænni byggð sótti um styrk til eflingar hringrásarhagkerfisins til Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Styrkurinn var fyrir eigin framlagi Grænni byggðar í verkefninu *CIRCON*, sem annars er styrkt af EEA & Norway grants og ríkissjóði Póllands. Sótt var um 6 714 734 ISK og 6 700 000 ISK fékkst. Einnig sendum við inn umsókn með systurfélögum okkar á Norðurlöndum fyrir verkefnið *Climate accelerator*, sem er hluti af *Nordic Sustainable Construction*.

Grænni byggð tók þátt í tveimur umsóknum um styrk í Ask – mannvirkjarannsóknarsjóð. Eitt verkefnið sem ber heitið *Kolefnishlutlaus bygging í íslensku samhengi* og er í samstarfi við Háskóla Íslands og EFLU. Annað verkefnið er framhaldsverkefnið *Orkunotkun bygginga: Hönnuð nýtni og raunmælingar*, sem sótt var um með EFLU, Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur, þar sem Reitir, Reginn, og Veitur eru samstarfsaðilar. Báðir styrkir hlutust, þó töluvert skertir.

Á árinu var Grænni byggð boðið að taka þátt í tveimur stórum Norrænum verkefnum sem styrkt eru af Norrænu ráðherranefndinni í gegnum Nordic Innovation. Annað verkefnið heitir *Nordic Sustainable Construction*, og er Innviðaráðuneytið ábyrgt fyrir verkpakka 4 sem snýr að losunarlausum verkstöðum. Grænni byggð er með þrjá starfsmenn sem vinna að þessum verkpakka með Innviðaráðuneytinu, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, og Háskóla Íslands. Einn starfsmaður hóf störf að þessu verkefni í janúar 2022, en hinir tveir voru ráðnir um sumarið. Hitt verkefnið hófst í lok árs 2022 og heitir *Nordic Networks for Circular Construction*. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun ber ábyrgð á verkpakka 6. Tveir starfsmenn Grænni byggðar vinna að þessu verkefni ásamt Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Háskóla Íslands.

Árið 2022 vann Grænni byggð einnig að öðrum styrktum verkefnum; BREEAM - Greining á ávinningi og kostnaði umhverfisvottana, HringRás, Orkunotkun – hönnuð og mæld, og kortlagning og leiðbeiningar um nýtingarmöguleika byggingarúrgangs. Nánari upplýsingar um þau verkefni er að finna á heimasíðu okkar.

Viðburðir

Grænni byggð hélt fjölda viðburða árið 2022. Á heimasíðu Grænni byggðar má finna nánari dagskrá viðburðanna og upptökur og/eða glærur frá mörgum af viðburðum ársins undir www.graennibyggd.is/vidburdir-2022.

Nordic GBC Webinar #4: Resilience and Climate Adaptation

Þann 19. janúar var haldin rafræn málstofa í samstarfi við systurfélög okkar, GBC á Norðurlöndunum, og var hann skipulagður í samstarfi við IÐUNA Fræðslusetur. Sérfræðingar á Norðurlöndunum fræddu okkur um hættuna sem stafar af loftslagsbreytingum í Norrænu samhengi og loftslagsaðlögun hins byggða umhverfis.

Morgunfundur – Vottaðar byggingar

Þann 16. febrúar var haldinn fyrsti morgunfundur ársins 2022. Guðrún Lilja og Bergljót hjá Umhverfisstofnun kynntu Svansvottun fyrir byggingar, og Helga og Anna Kristín hjá EFLU voru með fyrirlestur um BREEAM.

Nordic GBC Webinar #5: Circular Economy in the Real Estate and Construction Sector

Þann 10. mars var fimmta rafræna málstofan haldin í málstöfuröðinni sem haldin var sameiginlega með systurfélögum okkar á Norðurlöndum, Norrænu GBC. Að þessu sinni var Grænni byggð Finnlands ábyrgt fyrir utanumhald, en Dr. Sigríður Ósk Bjarnadóttir var með erindi fyrir hönd Íslands.

Morgunfundur - Hringrásarhagkerfið

16. mars var haldinn morgunfundur í samstarfi við KLAK Icelandic startups í Grósku. Kristín Soffía hjá KLAK kynnti Hringiðu, fyrrverandi starfsmaður Grænni byggðar Vigdís Bergsdóttir var með fyrirlestur um hringrásarbyggingar og Gunnar Dofri frá SORPU kynnti Endurvinnslugarðinn í Álfsnesi.

Málþing um bættu orkunýtingu í byggingum

31. mars héldu OR / Veitur og Grænni byggð málþing um ábyrga nýtingu náttúruauðlinda og minni orkusóun. Viðburðurinn fór fram í húskynnum Orkuveitunnar en var einnig í streymi.

Aðalfundur Grænni byggðar

Aðalfundur Grænna byggðar fór fram 28. apríl í fyrirlestrasal Verkís. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa var vinningstillaga úr hugmyndasamkeppni um verðlaunagrip Grænu Skóflunar kynnt og Andri Gunnarsson, brúarverkfræðingur hjá EFLU, kynnti notkun íslensks timburs í útibú yfir Þjórsá.

Morgunfundur - Steypa

Þann 18. Maí héldum við morgunfund um steypu. Ólöf hjá Pago kynnti Durisol byggingarkubba, Andri Jón frá Steypustöðinni fjallaði um vistvænni steypu og Þorsteinn hjá Hornsteini ræddi um stefnu BM Vallá á kolefnishlutlausu steinsteypu.

Dagur Grænni byggðar

Dagur Grænni byggðar var haldinn í IÐNÓ þetta árið 30. september. Dagurinn hófst með 12 áhugaverðum erindum þar sem fagfólk í sjálfbærni í byggingargeiranum flutti. Að loknum kynningum afhenti Ragnar Ómarsson, stjórnarformaður Grænni byggðar, Grænu Skófluna. Yfir 130 þátttakendur tóku þátt í Degi Grænni byggðar.

Morgunfundur - hönnun og framkvæmd Brákarborgar

Á þessum morgunfundi fjölluðu þær Gyða Mjöll Ingólfssdóttir og Sólveig Ingimarsdóttir hjá Reykjavíkurborg um hönnun og framkvæmd á mannvirkinu sem hlaut Grænu skófluna árið 2022 – leikskólann Brákarborg í Reykjavík að Kleppsvegi 150-152. Fundurinn fór fram þann 3. nóvember á Teams.

Morgunfundur - Hönnunarferli leikskólans í Urriðaholti

Þann 25. nóvember kynnti Hulda Jónsdóttir, eigandi og arkitekt hjá HJARK, hönnunarferli leikskólans í Urriðaholti. Hulda fjallaði um þær vistvænu lausnir sem voru notaðar við hönnunina.

Morgunfundur - Losunarlausir verkstaðir

Á morgunfundinum þann 12. desember var fjallað um losunarlausu verkstaði. Kynning var á verkpakka 4 í Nordic Sustainable Construction verkefninu, sem snýr að losunarlausum verkstöðum.

Fjölmiðlar

Framkvæmdastjóri var tvisvar viðmælandi í hlaðvarpsþáttum á árinu með Þóru Margréti Þorgeirsdóttur hjá HMS. Í fyrra skiptið hjá Laufinu þann 15. September þar sem rætt var um samstarfsvettvanginn Byggjum grænni framtíð og hvernig hægt sé að draga úr umhverfisáhrifum mannvirkjagerðar. Í seinna skiptið heimsóttu þær Vinnuskúrinn þann 26. September, þar sem umræðuefni þáttarins var vistvæn mannvirkjagerð og að byggja vottuð hús.

Þann 28. júlí birtist viðtal við framkvæmdastjóra í Fréttablaðinu um Grænu skófluna, undir fyrirsögninni *Grænu skóflunni stungið niður*. Einnig birti Fréttablaðið skoðun eftir verkefnastjóra þann 15. Júní; *Hringrásarlausnir fyrir byggingariðnað*.

Þátttaka í viðburðum og erlent samstarf

Framkvæmdastjóri tók þátt í hinum ýmsu fundum á vegum WGBC og Europe Regional Network, aðallega í gegnum þáttöku í fundum Policy Taskforce og Project Taskforce.

Samstarf við Norrænu Green Building Councils hélt áfram, og héldum við nokkrar rafrænar málstofur saman.

Félagið var í nánú samstarfi við systurfélag okkar í Póllandi, Polish Green Building Council og Sílesíska tækniháskólann við framkvæmd verkefnisins *CIRCON*. Þau komu til landsins í ágúst, þar sem við funduðum saman og fórum í vettvangsferð.

Breið Norræn samvinna styrktist í gegnum verkefni *Nordic Sustainable Construction* og *Nordic Networks for Circular Construction*, þar sem félagið vann einnig í nánun samstarfi við Innviðaráðuneytið og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Framkvæmdastjóri kom inn á fund Skóla- og frístundaráðs til að kynna niðurstöður skýrslunnar *Ferðavenjur foreldra og barna til leikskóla*. Einnig var hann með erindi á fundi um móttöku byggingarúrgangs sem Samtök iðnaðarins og Mannvirki – félag verktaka stóðu fyrir þann 25. Nóvember, þar sem kynnt var þá nýútgefin skýrsla *Kortlagning og leiðbeiningar um nýtingarmöguleika byggingarúrgangs*. Félagið tók þátt í útgáfuviðburði *Vegvísis að vistvænni mannvirkjagerð 2030*, sem fór fram á Hilton Reykjavík Nordica þann 8. júní. Ráðherrarnir Sigurður Ingi og Guðlaugur Þór voru með ávarp, og framkvæmdastjóri Grænni byggðar ásamt Þóru Margréti Þorgeirsdóttur, teymisstjóri nýsköpunar hjá HMS fjölluðu um vegvísinn. Að lokum voru umræður í pallborðum. Framkvæmdastjóri var einnig með erindi á Loftslagsdeginum. Verkefnastjórar fóru til Osló á verkefnafund *Nordic Sustainable Construction*, og kynntu umfang vinnupakka 4 sem snýr að losunarlausum verkstöðum.

Útgefið efni

- Grænni byggð gaf út sex Fréttabréf á árinu, í febrúar, júní, ágúst, september, október, og í desember.
- Upptökur frá viðburðum og/eða glætur voru settar inn á heimasíðu Grænni byggðar.
- Skýrslan *Kortlagning og leiðbeiningar um nýtingarmöguleika byggingarúrgangs* var gefin út á árinu. Verkefnið var styrkt af Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu í gegnum Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og unnið af VSÓ Ráðgjöf. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Grænni byggðar undir Útgefið efni.

Græn stefnumótun

Grænni byggð tók þátt í grænni stefnumótun í gegnum Byggjum Grænni Framtíð, sem er samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarins um vistvænni mannvirkjagerð. Verkefnið á meðal annars rætur sínar að rekja til aðgerðar C.3 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Vinna í verkefninu Byggjum grænni framtíð hófst haustið 2020 og var fyrstu fundur hópstjóra haldinn 4. september 2020. Verkefnisstjóri verkefnisins er Þóra Margrét Þorgeirsdóttir hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Framkvæmdarstjóri og stjórnarformaður Grænni byggðar eru í verkefnistjórn og ritstjórn verkefnisins, en einnig tók stjórnarmeðlimur þátt í starfshóp sem mat losun byggingariðnaðarins á Íslandi. Grænni byggð hefur því tekið virkan þátt í verkefninu frá upphafi þess. Vegvísirinn var gefinn út í þremur hlutum á árinu; *I hluti - Losun, II hluti - Markmið og aðgerðir, og III hluti - Samantekt: Losun, markmið og aðgerðir.*

Heimasíða verkefnisins er:
www.byggjumgraenniframtid.is



**Byggjum
grænni framtíð**